

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Egersund Ísland ehf.
kt. 610604-3070

Starfsstöð: Hafnargata 2, 735 Eskifjörður
Fastanúmer: 217-0228

Leyfið gildir frá 16. júlí 2021 til 16. júlí 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- flutning og móttöku óhreinna nótapoka frá fiskeldisfyrirtækjum
- hreinsun nótapoka og fráveituvatns
- meðhöndlun nótapoka með litun eða sæfiefnum
- móttöku veiðafæraúrgangs til endurvinnslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.


Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnt með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta og fylgiskjöl skulu vera aðgengileg í starfsstöðinni.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það vegna breyttra forsendna, sbr. gr. 5 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Egersund Ísland ehf., kt. 610604-3070
Starfsstöð: Hafnargata 2, 735 Eskifjörður
Fastanúmer: 217-0228

Leyfið gildir frá 16. júlí 2021 til 16. júlí 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **flutning og móttöku óhreinna nótapoka frá fiskeldisfyrirtækjum**
- **hreinsun nótapoka og fráveituvatns**
- **meðhöndlun nótapoka með litun eða sæfiefnum**
- **móttöku veiðafæraúrgangs til endurvinnslu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsókn um starfsleyfi dags. 8. febrúar 2019 ásamt fylgigögnum.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013, m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg*

1. Starfsleyfið

Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, hreinsun og litun á nótapokum frá fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi sem stunda sjókvíældi.

Starfsleyfi þetta gildir einnig fyrir móttöku á veiðafæraúrgangi til endurvinnslu.

1.1. Þjónustustöð Egersund Ísland

Yfirlitsmynd: flæði vinnslu innan ramma starfsleyfisins



1.1.1. Flutningur og móttaka óhreinna nótapoka

Óhrein net skulu ætíð flutt í lekaheldum ílátum til að tryggja að vatn og smitefni geti ekki borist frá óhreinum netum. Heimilt er að geyma óhrein net innan girðingar móttökustöðvarinnar þar sem niðurföll eru tengd inn á vatnshreinsistöð fyrirtækisins.

1.1.2. Hreinsun nótapoka og fráveituvatns

Í mannvirkjum á afgirtu svæði á lóð fyrirtækisins er

- Þvottastöð fyrir fiskeldispoka
- Sérstök starfsmannaaðstaða vegna þvottastöðvarinnar
- Hreinsistöð fyrir vatn til endurnýtingar og/eða förgunar í fráveitukerfi

1.1.3. Aðstaða til meðhöndlunar með lit eða sæfiefnum

Í viðbyggingu við netaverkstæði fyrirtækisins á sömu lóð er

- Aðstaða til að lita og/eða meðhöndla og þurrka nótapoka með varnarefnum

1.2. Móttaka veiðafæraúrgangs til endurvinnslu

Um er að ræða móttökustöð fyrir veiðafæraúrgangi úr gerviefnum, þeim safnað saman og komið til endurvinnslu. Móttakan verður við aðstöðu netaverkstæðis rekstraraðila.

2. Almenn ákvæði

2.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfsemi og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum.

Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir hafi hún verið skilgreind og nýta orku vel.

Loftræstingu og verklagi skal þannig háttáð að ekki valdi fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar.

2.2. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

2.3. Stöðvun rekstrar

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður og til að koma rekstrarsvæði í viðundandi horf, að mati útgefanda starfsleyfis, þegar atvinnurekstur er endanlega stöðvaður eða lagður niður.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megi út frágang á aðstöðunni.

2.4. Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila ef starfsemin hefst á ný eftir meira en 3ja mánaða stöpp.

2.5. Viðbragðsáætlun – tilkynningar um mengunarslys

Fyrirtækið skal setja sér viðbragðsáætlun sem gripið skal til ef ófyrirséð mengunarhætta stafar að. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

2.6. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

2.7. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2.8. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

3. Lýsing á starfseminni og skilyrði

3.1. Flutningur og móttaka á óhreinum netum frá fiskeldisfyrirtækjum

Allur flutningur á óhreinum netum til stöðvarinnar skal fara fram í lokuðum og vökvaheldum ílátum.

Móttaka á nótapokum er með tvennum hætti:

- 1) með bílum. Nætur eru fluttar í lekaþéttum flutningsgámum frá eldissvæði. Flutningatæki er lagt á sér útbúnu svæði stöðvarinnar.
- 2) með bátum. Nætur híðar í lekaþéttum ílátum upp á bryggjukant og fluttar skv. 1 til stöðvarinnar.

Nótapokarnir eru híðir inn á lokað, afgirt söfnunarsvæði til geymslu þar til kemur að vinnslu.

Bílar, bátar og búnaður sem notaður er til flutninga og/eða geymdur innan söfnunarsvæðisins skal sótthreinsaður áður en að farið er með hlutina frá þjónustustöðinni.

Allt vatn frá móttöku nótapoka, regnvatn sem fellur á bílastæðið, lóð þvottastöðvarinnar og vatn frá þrifum á flutningstækjum skal leitt til vatnshreinsistöðvar og hreinsað af örverum og spilliefnum áður en það er leitt til fráveitu til að tryggja að hugsanlegt smitefni berist ekki frá stöðinni.

Það vatn sem ekki er hægt að hreinsa jafnóðum er geymt í 10m³ safntanki og á planinu sjálfu sem rúmar 46m³ af vökva.

Að auki verður komið fyrir geymi utan lóðar hreinsistöðvarinnar til að geyma allt að 10m³ af vökva í miklum ofanveðrum.

3.2. Þvottur á nótapokum

Markmið með þvotti á nótapokum er hreinsun þeirra af hvers konar lífrænum efnum sem og smitefnum sem geta borist milli eldisfiska, þ.e. milli eldislota og/eða til annarra eldisfyrirtækja.

3.2.1. Vinnulag við pokaþvott

Óhreinir nótaspokar eru híðir inn í sérhannaða þvottatromlu. Hreinsivatni er dælt í vélina og gróf- og fínafni þvegin úr netunum. Þvottur tekur u.þ.b. eina klukkustund. Þvottavatni er dælt úr þvottatromlunni til vatnshreinsistöðvar.

Magn grófefna sem kemur úr hverjum þvotti gefur til kynna hvort þörf sé á að endurtaka þvott.

Í þvottaferlinu er sótthreinsivökva bætt út í hreinsivatnið til að drepa hugsanlega smitbera.

Eftir að nótapokarnir eru hreinsaðir og sótthreinsaðir er þeim komið fyrir á lager í nótakössum og merktir með þjónustu- og pokaúmeri.

3.2.2. Þvottavatn og efnanotkun

Þvottavatn. Í þvott á nótapokum er notaður sjór frá sjóinntaki sem er í eigu Eskju hf. en einnig er nýtt regnvatn, þvottavatn og annað vatn sem fellur til á lóð hreinsistöðvarinnar.

Efnavara. Krafa er um að innan fyrirtækisins sé ávalt aðgengilegur listi yfir efni sem notuð eru við þvott nóтана sem og öryggisblöð fyrir hvert efni fyrir sig.

Efnavara sem notuð er til þvotta og sótthreinsunar skal geymd í lekabyttum og á undirlagi sem er án niðurfalla.

Gæta skal að aðskilnaði efna sem geta hvarfast saman og myndað hættuleg efni, svo sem klórgas.

3.2.3. Úrgangur frá þvottastöð

Meðferð úrgangs, flokkun og förgun skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins og lög um meðhöndlun úrgangs.

Fyrirtækið þarf að ganga úr skugga um hvort grófur úrgangur, slamm eða pressukaka frá þvotti flokkist sem spilliefni. Ef svo er skal úrgangurinn sendur til móttökustöðvar fyrir spilliefni og honum fargað sem slíkum.

Grófur úrgangur frá þvottastöðinni, þ.e. sandur, skeljabrot og gróðurleifar skal fluttur til löglegrar móttökustöðvar fyrir úrgang, þ.e. til urðunar eða brennslu.

Slamm, þykkni eða pressukaka frá hreinsun þvottavatns á færibaldi skal flutt í lekaheldum körum til löglegrar móttökustöðvar fyrir úrgang, þ.e. til urðunar eða brennslu.

Þvottavatn skal sótthreinsað í vatnshreinsistöð fyrirtækisins og endurnotað eftir föngum en ella sleppt í fráveitulögn sveitarfélagsins eftir meðhöndlun með ósóni.

Tómar umbúðir undan efnavöru skal hreinsa og skila til löglegrar móttökustöðvar. Óhreinum umbúðum undan hættulegum efnum ber að skila sem spilliefni ef efnin flokkast sem slík.

Annað. Plast, afskorningar frá netum, hanskar og annar úrgangur sem hefur komið í snertingu við óhrein net skal sótthreinsað og flutt til viðurkenndrar móttökustöðvar.

3.2.4. Starfsmannaaðstaða við þvottastöðina

Markmið með sérstakri starfsmannaaðstöðu við þvottastöðina er að tryggja smitgát, þ.e. að ekki berist smitefni með óhreinum fatnaði eða starfsmönnum út af svæðinu.

Starfsmenn skulu hafa aðstöðu til fataskipta og sótthreinsunar óhreins fatnaðar. Óhrein hlífðarfatnaður skal ekki fara óþrífinn út af afgirtu svæði.

Fráveita frá salernum skal leidd í skólþveitu sveitarfélagsins.

Allur úrgangur og búnaður sem hefur komið í snertingu við óþvegin net og sem þarf að farga skal flokkaður eins og annar úrgangur frá þvottastöðinni.

3.2.5. Vatnshreinsistöð

Markmið með rekstri vatnshreinsistöðvar er að hreinsa og sótthreinsa vatn sem til fellur innan stöðvarinnar þannig að unnt sé að endurnota það inn á þvottastöðina eða farga til sjávar um regnvatnslögn án nokkurrar smithættu.

Í vatnshreinsistöðinni skal meðhöndla allan vökva frá

- þvottatromlu og húsnæðinu sem hún er í
- niðröllum af plönnum frá öllu afgirta svæðinu um þvottastöð, starfsmannaaðstöðu og hreinsivirki, þ.m.t. móttöku- og geymslusvæði fyrir óhreina nótapoka og þvottaaðstöðu flutningstækja
- fráveituvatni frá óhreinu svæði starfsmannaaðstöðu og þvottavél fyrir starfsmannafatnað ef við á

3.2.6. Vinnulag í vatnshreinsistöðinni

Í vatnshreinsistöðinni er gróf- og fínefni síað frá óhreinu vatni (þ.á.m. kopar og önnur snefilefni).

Kemískum efnum er bætt út í vatnið til að tryggja að því sem dælt er inn í þvottaferlið aftur sé ekki mengað af smitefnum.

Hreinsuðu vatni dælt í geymslutanka til endurnotkunar í þvottastöðinni eða fargað um regnvatnslagnir til sjávar eftir meðhöndlun með ósóni.

3.2.7. Úrgangur frá vatnshreinsistöðinni

Vökvi. Fráveituvatn sem losað er til sjávar er eftir meðhöndlun í hreinsivirkinu sótthreinsað með ósón búnaði þar sem að öllum bakteríum er eytt til að koma í veg fyrir að hugsanlegir smitberar í fráveituvatni berist til sjávar. Um er að ræða blöndun ósóns saman við fráveituvatn í 4 m³ geymi.

Útloftun. Loftun frá ósón búnaði skal leidd upp fyrir þakbrún.

Fastur úrgangur. Úrgangi sem fellur til við hreinsun og efnisafgöngum sem skiljast frá í hreinsunarferlinu skal safnað saman og komið til viðurkenndra móttökuaðila, sbr. kafli 3.2.3 um úrgang frá þvottastöð.

Tómar umbúðir undan efnavöru skal hreinsa og skila til löglegrar móttökustöðvar. Óhreinum umbúðum undan hættulegum efnum ber að skila sem spilliefni ef efnin flokkast sem slík.

3.3. Meðhöndlun/Litun á nótapokum

Markmið með meðhöndlun nótapoka með litun, sæfiefnum eða svipuðum efnum er að koma í veg fyrir söfnun gróðurs og lífvera á netunum í sjó.

3.3.1. Vinnulag við meðhöndlun

Við meðhöndlun er hreinum nótapokum komið fyrir í stórsekk, lit eða sæfiefnum dælt ofan í og pokinn lofttæmdur.

Þegar að meðhöndlun er lokið er nótapokanum spólað upp á þurrktromlu þar sem að pokinn er þurrkaður.

Að þurrkunn lokinni er nótapokanum pakkað niður í stórsekk og hann merktur með poka- og þjónustunúmeri.

3.3.2. Efnanotkun við meðhöndlun

Krafa er um að innan fyrirtækisins sé ávalt aðgengilegur listi yfir vöru sem notuð eru til litunar eða varna nóтана sem og öryggisblöð fyrir hvert efni fyrir sig.

Einungis er heimilt að nota sæfivörur sem eru leyfilegar á markaði skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, sem innleiðir reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra. Hafa skal samband við Umhverfisstofnun til að fá upplýsingar um hvort að tiltekin vara sé leyfileg á markaði

Efnavara sem notuð er til litunar skal geymd í lekabyttum og á undirlagi sem er án niðurfalla.

3.3.3. Úrgangur frá meðhöndlun

Vökva sem rennur frá nótonum við þurrkun þeirra skal safnað saman og endurnýttur eftir föngum. Vökva sem ekki er unnt að nota skal skilað sem spilliefni til viðurkenndrar móttökustöðvar.

Þurr sallj, set eða kleprar með litar- og/eða sæfiefnum skal settur í lokuð ílát og skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku eða til viðurkenndrar endurvinnslustöðvar.

Tómar umbúðir undan efnavöru skal hreinsa og skila til löglegrar móttökustöðvar. Óhreinum umbúðum undan hættulegum efnum ber að skila sem spilliefni ef efnin flokkast sem slík.

3.3.4. Varnir fráveitu

Niðurföll í aðstöðu til meðhöndlunar með lit eða sæfiefnum skulu tengd vatnshreinsivirki en ekki vera tengd fráveitukerfi sveitarfélagsins.

3.4. Móttaka veiðafæraúrgangs til endurvinnslu

Tekið verður við veiðafæraúrgangi úr gerviefnum, þeim safnað saman og gengið frá þeim til endurvinnslu. Móttakan verður við aðstöðu netaverkstæðis rekstraraðila.

Móttökuskilmálar kveða á um að veiðafæraúrgangurinn skuli vera þurr og laus við aðskotahluti, aðskotaefni og óhreinindi.

Við alla meðhöndlun skal tryggt að úrgangur valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ólykt eða hávaða.

Starfsleyfishafi skal halda magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki og gæta þess að aldrei skapist hætta vegna óhóflégrar uppsöfnunar úrgangs. Úrgang sem tekið er á móti skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi.

4. Sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

4.1. Sýnataka

4.1.1. Vegna hugsanlegrar mengunar í fráveituvatni

Áður en starfsemi hefst skal taka sýni af seti á botni sjávar við hafnarbakkann þar sem starfsemin fer fram og einnig við enda útrásar ofanvatns, þ.e. lagnar sem mun leiða hreinsað vatn frá stöðinni.

- Mæla skal magn kopars, sinks og blýs í setinu

Fimm árum eftir að starfsemin hefst og síðan á fimm ára fresti skal taka sýni á sömu stöðum og láta mæla sömu þungmálma í seti og gert var áður en starfsemin hófst. Heimilt er að endurskoða þetta ákvæði ef fyrstu 3 sýnin benda til lítilla eða engra breytinga á mæligildum.

4.1.2. Í fráveituvatni frá hreinsistöðinni

Í vatni sem hleypt er til sjávar frá hreinsivirkinu skal taka sýni innan árs frá því að starfsemin hefst og síðan á fimm ára fresti.

- Mæla skal magn kopars, sinks og blýs, sýrustig, heildar-N, heildar-P og COD eða BOD

4.1.3. Í úrgangi til förgunar

Í úrgangi frá þvottastöðinni, þ.e. sandi, skeljabrotum og gróðurleifum sem og slammi eða þykkni frá hreinsum þvottavatns skal taka sýni eins fljótt og unnt er eftir að starfsemi hefst og síðan á fimm ára fresti.

- Mæla skal magn kopars, sinks og blýs

4.2. Viðmiðunarmörk

Magn kopars í úrgangi má ekki mælst meira en 0,25% af heildarþyngd úrgangsins miðað við þurrefni (Sbr. einnig norskar leiðbeiningar).

Skv. fyrsta viðauka, kafla D, í fráveitureglugerð nr. 798/1999 m.s.br.:

Magn COD í fráveituvatni skal ekki mælast yfir 125 mg/l O₂

Heildarstyrkur fosfórs 2 mg/l P

Heildarstyrkur köfnunarefnis 15 mg/l N

Skv. fylgiskjali 1B í fráveitureglugerð nr. 798/1999 m.s.br.:

Sýrustig, skal vera milli pH 6 – 9, hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis minni en 0,5

5. Innra eftirlit

Krafa er um að starfsleyfishafi viðhafi virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

- Skráningar á viðhaldi véla og tækja í því augnamiði að koma í veg fyrir bilanir og mengun umhverfis
- Upplýsingar um tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru
- Hreinlætisáætlun og þrifaskráning fyrir alla aðstöðuna
- Kvittanir eða dagbókarfærslur vegna skila á hvers konar spilliefnum og úrgangi
- Skráningar á mengunarslysum og viðbrögðum við þeim
- Skráningar á kvörtunum vegna starfseminnar og viðbrögðum við þeim
- Skráningar á sýnatökum og niðurstöðum rannsókna á sýnum sem tekin eru skv. kafla 4

16. júlí 2021

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

16. júlí 2021

Egersund Ísland ehf.
Hafnargata 2
735 Eskifjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi Egersund Ísland ehf. að Hafnargötu 2, 735 Eskifirði

Umsókn um starfsleyfi fyrir nótapokaþvotti og meðhöndlun/litun á nótapokum frá fiskeldisfyrirtækjun barst frá Egersund Ísland ehf., kt. 610604-3070, þann 8. febrúar 2019.

Umsókn um starfsleyfi fyrir móttökustöð veiðafæraúrgangs til endurvinnslu barst frá Egersund Ísland ehf. í febrúar 2021.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Óskað var eftir umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar. Jákvæð umsögn barst til heilbrigðiseftirlitsins þann 3. Júní 2021.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 16. júní sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 14. júlí 2021.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



NEILBRIGÐISEFTIRLIT
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.